




## Græni trefillinn



Græni trefillinn er samheiti yfir græn útvistarsvæði á útmörk sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu.




## Forsaga

Hugmyndina um að líta á útmörkina sem sameiginlegt útvistarsvæði höfuðborgarsvæðisins má rekja aftur til hugmyndar Hákonar Bjarnasonar, fyrrverandi skógræktarstjóra, um friðun Heiðmerkur, sem hann setti fram árið 1936.  
Almennilegur skriður á málið kemur svo samhliða umræðum um svæðisskipulag fyrir höfuðborgarsvæðið.



Skógræktarfélögin á höfuðborgarsvæðinu tóku sig saman um að vinna að þessu málefni árið 1993.



Eftir áralanga vinnu bæði skógræktar- og sveitarfélaga var Græni trefillinn staðfestur í Svæðisskipulagi fyrir höfuðborgarsvæðið árið 2002 sem og aðalskipulagi einstakra sveitarfélaga.

## Starfshópur skógræktar- og sveitarfélaga



Í kjölfar ályktunar aðalfundar Skógræktarfélags Íslands 2004 kallaði félagið veturinn 2005 saman starfshóp fulltrúa skógræktar- og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, til að vinna að frekari áætlunum um Græna trefilinn.

## GRÆNI TREFILLINN

SKÝRSLA TIL STJÓRNAR SAMBANDS SVEITARFÉLAGA Á  
HÖFUDBORGARSVEÐINU (SSH)



Október 2006



Haft var samráð við samband sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH). SSH fólk starfshópnum formlega að koma með tillögur um Græna trefilinn. Þessar tillögur voru settar fram í skýrslu starfshópsins, sem kom út 2006.


# Tillögur samstarfshóps



Græni stígurinn?

Grænu hliðin?

Ræktun



Í skýrslunni var ein megin tillaga:

- Gerður verði vel upp byggður stígur - Grænn stígur - eftir endilöngum Græna treflinum (Kjalarnesi suður fyrir Hafnarfjörð).
- Tengja núverandi útvistarsvæði saman og þannig hjálpa til við að gera Græna trefilinn að einni heild, frekar en safni einstakra útvistarsvæða.
- Lega stígsins ekki útfærð nánar í þessum áfanga - umfangsmikið skipulagsverkefni sem þarf að vinnast í náinni samvinnu við skipulagsyfirvöld svæðisins.
- Leiðin tengd inngöngum á Græna trefilinn - Grænum hliðum - fyrsti viðkomustaður fólks sem hygði á útvist innan Græna trefilsins. Þar væri byggð upp góð aðstaða til að laða fólk að.
- Nákvæmar tillögur um staðsetningu hliða ekki lagðar fram, nema að nýta staði sem nú þegar eru þekktir inngangspunktar, til dæmis Mógiðsá, Heiðmörk eða Vífilsstaðahlíð.
- Áhersla á ræktun meðfram stígnum til að byrja með til að efla skjól á honum. Í framtíðinni hugað að ræktun og uppgræðslu víðar og jafnvel að útvíkkun Græna trefilsins innar og ofar í landið.

Af hverju Grænn trefill?



Af hverju Grænn trefill?



## Mikilvægi fyrir íbúa

Græni trefilinn er mikilvægur fyrir alla íbúa höfuðborgarsvæðisins fyrir margra hluta sakir.




## Bætt umhverfi – skjól

Gróður á útmörkinni, sérstaklega skógur, skapar skjól, ekki bara fyrir útivistarsvæði á útmörkinni, heldur fyrir byggðina alla.

SEPT 1971

Fyrr...



Þá breytingu sem verður með tilkomu vöxtulegri gróðurs er best að sjá með samanburði. Hér ermynd tekin árið 1971 uppi í Heiðmörk.




...og nú

Hér er mynd tekin á sama svæði 2006.



Uppgræðsla og ræktun á útmörkinni getur dregið verulega úr svifryksmengun, sem er vaxandi vandamál hér. Það gerist á two vegu, annars vegar tekur gróður upp agnir sem losna vegna umferðar og hins vegar fyrirbyggir gróðurþekja á útmörkinni aðflutning svifryks utan að, enda er stór hluti svifryksins moldrok.

Fyrr...



NW 1961

Það er hagsmunamál fyrir byggðina alla að halda áfram að rækta útmörkina upp, þar sem eru gróðursnauð eða gróðurvana svæði.

... og nú



Árangur ræktunarinnar er ekki alltaf lengi að skila sér og getur verið verulegur eins og sjá má.

## Bætt umhverfi – kolefnisbinding



Gróður, sérstaklega skógor, bindur kolefni, sem er mikilvæg mótvægisaðgerð fyrir losun á koltvísýringi og öðrum gróðurhúsalofttegundum.



Græn útvistarsvæði og þeir möguleikar sem þau bjóða upp á til hreyfingar skipta miklu máli fyrir lýðheilsu almennings, bæði andlega og líkamlega.  
Græn svæði hafa reynst hafa mjög jákvæð áhrif á fólk almennt, en ýmsar rannsóknir benda til þess að þau geti leitt til betri geðheilsu.



Til rannsóknir sem benda til þess að græn svæði umhverfis íbúabyggð leiði til lægri glæpatíðni.


Bæði dregur úr ýmsum minni glæpum, eins og þjófnaði, en einnig hefur komið í ljós að tíðni ofbeldisglæpa er minni.

## Hreyfing



Fólk fær líka góða og holla hreyfingu út úr því að stunda ræktun og uppgræðslu.

## Vatnsvernd



Græni trefillinn getur skipt máli fyrir grunnvatnsauðlindina á höfuðborgarsvæðinu.



Lítil mengunarhætta stafar af útivist samanborið við flesta aðra landnotkun.

## Vatnsvernd – vatnsmiðlun



Gróður, sérstaklega skógur, hefur víðtæk jákvæð áhrif á vatnsbúskap. Skógur safnar í sig snjó á veturna og skilar honum jafnar þegar vorar, heldur en gerist á berangri.



Þessi jafnari miðlun hefur jákvæð áhrif á lífsskilyrði gróðurs.

Miðlunin minnkar líka hættu á flóðum og jarðvegsrofi og dregur um leið úr hættu á mengun af þeim völdum.



## Vatnsvernd – næringarefni

Þar sem berggrunnur á Íslandi er basískur og súrs regns gætir varla á Íslandi þá valda skógar á Íslandi ekki sýringu á grunnvatni. Þvert á móti tekur gróðurinn til sín mikið af næringarefnum, sem ella myndu sytra niður í grunnvatn og valda mengun og hjálpar þannig til við að vernda grunnvatnsauðlindina.



## Mikilvægi grænna svæða

Vegna hinna margvíslegu jákvæðu áhrifa grænna svæða eru stjórnsýsluaðilar víða erlendis að huga æ meir að hlutverki og mikilvægi grænna svæða fyrir íbúana og hefur víða verið reynt að fjölgja grænum svæðum, jafnvel í jafn þéttbýlum borgum eins og París.

## Tenging við almenning



Erlendis er víða unnið markvisst að því að skapa tengsl við ýmis konar áhuga- og grasmótarsamtök, sem beita sér í þessum málum.



Hérlandis eru þau tengsl nú þegar til staðar, eftir áratugalangt samstarf skógræktar- og sveitarfélaga, sem og ýmissa annarra félagasamtaka.

## Vinnuskólarnir



Hér á landi höfum við líka það merkilega og einstæða fyrirbæri sem heita vinnuskólarnir.

## Þátttaka íbúa



Í gegnum vinnuskólana hafa þúsundir íbúa höfuðborgarsvæðisins tekið beinan þátt í því að rækta upp Græna trefilinn og er það nær einsdæmi á alþjóðavísu.



Reynslan sýnir að ræktun gengur víða betur heldur en almennt var trúð fyrir nokkrum áratugum og að hægt er að rækta ofar og víðar en áður var talið.



## Komandi kynslóðir

Í tali um uppgræðslu og skógrækt hefur oft verið hugað að komandi kynslóðum, að skila landinu í betra ásigkomulagi til barna okkar, barnabarna og næstu kynslóða.

## Núverandi kynslóðir



Raunin er sú að ræktun nýtist líka núverandi kynslóð.



Til dæmis er hér svipmynd úr Heiðmörk frá 1969.

... og nú



Þetta er svo árangurinn á einni kynslóð – rúmum 35 árum.

## Trjárækt



Staðreyndin er sú að trjárækt í görðum og á almannasvæðum höfuðborgarsvæðisins hefur gjörbreytt veðurfari á undanförnum áratugum, í þá veru að bæði er hlýrra og meira skjól.

## Samvinna



Fyrir framtíð Græna trefilsins er mikilvægt að öll sveitarfélögin komi þar inn af aflí. Framtíð Græna trefilsins er fólgin í öflugri og virkri samvinnu sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og annarra sem málið varða.

## Útþensla byggðar



Byggðin á höfuðborgarsvæðinu er að þenjast út og svæði sem voru áður fyrr hálferð sveit eru núna komin í bakgarðinn hjá fólk.

# Þrýstingur



Það er því kominn meiri þrýstingur á þau grænu svæði sem nú eru, heldur en hefur verið, þar sem sum þeirra eru talin ákjósanleg byggingalönd og menn freistast í ýmsar framkvæmdir á, eða við þau.




Það er því sífellt mikilvægara fyrir skógræktarfélögin, sem eru búin að standa að ræktun og uppbyggingu á þessum svæðum, sum hver í áratugi, að standa vörð um svæðin vegna mikilvægis þeirra fyrir byggðina alla. Það þarf ekki endilega að býða að núverandi Grænn trefill sé niðurnjörvaður til framtíðar. Það er líka mikilvægt að hugsa fram í tímann og huga að útmörk framtíðarinnar.

## „Græn lungu“




Græn svæði á núverandi trefli geta verið græn lungu þéttbýlis í framtíðinni, innan byggðar, þegar byggðin hefur þanist frekar út og Græni trefill framtíðarinnar liggur utan byggðar á þáverandi útmörk.

## Aðstæður



Almennt eru aðstæður hér að mörgu leyti heppilegar fyrir Grænan trefil.

## Landnotkun




Hagsmunaaðilar eru færri og landrými meira en gerist víða erlendis, en í Evrópu þar sem borgir eru oftast umluktar skóglendum, ökrum eða annarri þaulræktun.

## Óbyggð svæði



Umhverfis höfuðborgarsvæðið eru hins vegar víðast óbyggð svæði.

# Framtíðin



Við höfum því tækifæri á að byggja útvistarsvæðin upp frá grunni í samræmi við óskir okkar og allar aðstæður til að gera Grænan trefil það vel úr hendi að eftir verði tekið meðal annarra þjóða.